

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 17. september 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-50/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á hleðslutæki, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi láti lagfæra tölvu hennar, en hún telur að tölvan hafi orðið fyrir tjóni vegna hleðslutækisins.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. maí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 28. maí. Með bréfi, dags. 30. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 13. júní. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og fylgigögnum hennar kemur fram að í byrjun apríl sl. keypti álitsbeiðandi hleðslutæki af seljanda fyrir kr. 9.933. Var hleðslutækið af gerðinni „Magsafe 65W“ og ætlað fyrir tilteknar gerðir af Apple tölvum, en ekki framleitt af Apple, heldur af þriðja aðila. Notaði álitsbeiðandi hleðslutækið til að hlaða Apple tölvu sína. Nokkrum dögum eftir kaupin mun tölva álitsbeiðanda hafa bilað. Samkvæmt bilanagreiningu tölvuverkstæðis hafði straumborð tölvunnar eyðilagst og einnig móðurborð hennar. Var tölvan því metin ónýtt. Einnig kemur fram í bilanagreiningu að talið er líklegt að ástand tölvunnar megi rekja til þess að notað var óviðurkennt hleðslutæki til að hlaða tölvuna.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að hinn 27. maí sl. hafi álitsbeiðandi komið með tölvu sína og hleðslutæki á verkstæði seljanda. Hafi álitsbeiðandi keypt hleðslutækið hjá seljanda í gegnum vefsíðu hans hinn 2. apríl sl. og móttækið hleðslutækið á pósthúsi hinn 5. apríl í innsigliðum innbúðum. Samkvæmt seljanda mun álitsbeiðandi sagst hafa tengt hleðslutækið við tölvu sína um leið og hún fékk það afhent með þeim afleiðingum að það drapst á tölvunni.

Seljandi rekur næst að álitsbeiðandi hafi farið með tölvuna og hleðslutækið í viðgerð hjá öðrum aðila og að sá aðili hafi talið móðurborð tölvunnar ónýtt og talið að orsök þess væri hleðslutæki það er álitsbeiðandi hefði keypt.

Seljandi segir að við skoðun á umræddu hleðslutæki á verkstæði sínu, hafi komið í ljós að straumkapall frá hleðslutæki í tölvu hafi verið skemmdur á tveimur stöðum. Á öðrum staðnum var kapallinn greinilega skemmdur þar sem ójafna var á honum og rafmagnsvírar innan í kaplinum rofnir. Á hinum staðnum hafði kvarnast lítillaga upp úr kaplinum.

Seljandi segir að það hafi einnig vakið athygli hans að verkbeiðni frá áðurnefndu verkstæði, sem álitsbeiðandi hafði komið með til sín og afhent ásamt tölvu sinni, væri ekki eins og sú verkbeiðni sem finna mætti í gögnum frá kæruneftndinni. Þó verkbeiðnirnar væru samhljóða að mestu leyti, væri í þeirri sem kæruneftndin hefði undir höndum búið að bæta við svohljóðandi setningu: „greinileg skemmd sé á móðurborði tölvunnar vegna rafmagnsbruna

og að það megi leiða til þess að nota var hleðslutæki sem ekki er stutt fyrir vélina.“ Seljandi segir að þessar skemmdir vegna rafmagnsbruna séu hvergi sjáanlegar á tölvunni. sú sem álitsbeiðandi hafi komið með með sér til seljanda.

Seljandi tekur fram að hleðslutæki það sem álitsbeiðandi keypti sé svokallað „replacement“ hleðslutæki fyrir Apple tölvur, framleitt í Kína samkvæmt öllum alþjóðlegum stöðlum, m.a. reglum um CE merkingar. Hleðslutæki sömu gerðar séu seld um allan heim, þ.m.t. hjá nokkrum söluaðilum hérlendis. Því sé fullyrðing frá áðurnefndu verkstæði um að hleðslutækið sé ekki stutt fyrir umrædda tölvu röng.

Að lokum bendir seljandi á það að skv. verslunarskilmálum hans sé tekin ábyrgð á framleiðslugöllum á þeim vörum sem fyrirtæki selji. Hins vegar taki seljandi ekki ábyrgð á skemmdum hleðslutækjum eða öðrum búnaði sem sökum slæmrar eða rangrar meðhöndlunar kaupenda á þeim. Hafnar seljandi því kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Sem fyrr greinir var hleðslutæki það sem um er deilt keypt af álitsbeiðanda hinn 2. apríl sl. og fékk álitsbeiðandi tækið afhent hinn 5. s.m. Er hleðslutækið af gerðinni „Magsafe 65W“ og var kaupverðið kr. 9.933. Hleðslutæki sem þessi munu vera ódýrari útgáfa af hleðslutækjum fyrir Apple tölvur. En slík hleðslutæki, framleidd af Apple, kosta öllu jafna helmingi meira. Mun notkun hleðslutækja sem þessara vera nokkuð algeng og mun lágt verð á þeim ráða þar mestu.

Samkvæmt því sem rakið er að framan mun álitsbeiðandi hafa tengt tækið við tölvu sína sama dag og hún keypti það. Mun tölvan í kjölfarið hafa hætt að virka og var hún síðan metin ónýtt af verkstæði sem sérhæfir sig í viðgerðum á Apple tölvum. Samkvæmt lýsingu þeirra kemur blossi þegar hleðslutækið var tengt við tölvuna.

Samkvæmt því sem rakið er að framan liggur fyrir að umrætt hleðslutæki nýtist ekki sem skyldi. Hlutlægt séð er því hleðslutækið haldið galla í skilningi 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 15. gr. sömu laga m.a. vegna þess að það, í núverandi ástandi hentar ekki í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til.

Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir síðan að ef annað sannist ekki, skuli galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut flýst yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Ákvæði 2. mgr. 18. gr. kveður á um að sönnunarbyrðin fyrir því að söluhlutur sé ekki haldin galla hvíli á seljanda innan tímamarka greinarinnar. Að mati kærunefndarinnar hefur seljandi, með því að leggja fram ljósmyndir af hleðslutækinu sem benda til þess að ástand tækisins og það tjón sem notkun þess olli á tölvu álitsbeiðanda, verði rakið til meðferðar álitsbeiðanda á hleðslutækinu, en ekki til galla, axlað sönnunarbyrði sína. Er þá vísað til þess að á áðurnefndum ljósmyndum má sjá að snúra tækisins hefur, af því er virðist við notkun, trosnað í sundur með þeim afleiðingum að vírar í snúrunni eru rofnir og að sennileg afleiðing af því sé að skammhlaup hafi orðið þegar hleðslutækið var tengt við tölvu álitsbeiðanda. Er það því í höndum álitsbeiðanda að sýna fram á að tækið sé haldið galla, og að sá galli sé hvorki sök hennar né stafi af aðstæðum sem hana varði, sbr. 26. gr. sömu laga. Það hefur álitsbeiðandi ekki gert. Verður kærunefndin því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir